



**42. fundur Heimastjórnar Djúpavogs  
haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 5. október 2023  
og hófst hann kl. 10:00**

**Fundinn sátu:**

Guðný Lára Guðrúnardóttir formaður, Ingi Ragnarsson aðalmaður, Oddný Anna Björnsdóttir aðalmaður og Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Gauti Jóhannesson, fulltrúi sveitarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 202203219 - Cittaslow**

Fyrir fundinum lágu fundargerðir samráðshóps um Cittaslow.

Heimastjórn þakkar samráðshópi um Cittaslow fyrir öflugt og uppbyggjandi starf.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202209131 - Staða verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði**

Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri fór yfir stöðu verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði og gerði grein fyrir áherslum við gerð framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar.

Heimastjórn þakkar fyrir greinargóða og upplýsandi yfirferð en leggur áherslu á að allra leiða verði leitað til að auka við framkvæmdafé á Djúpavogi. Sérstaklega árin 2025 og 2026 en ekkert er áætlað til stærri fjárfestinga þau ár í þeim tillögum sem liggja fyrir.

Lagt fram til kynningar.

**Gestir**

Hugrún Hjálmarsdóttir - 10:10

**3. 202101277 - Vogaland 5 Vogshús**

Fyrir fundinum lá svar Ars Longa við fyrirspurn varðandi uppbyggingu og lagfæringar á Vogalandi 5.

Heimastjórn á Djúpavogi tekur undir að metnaðarfullt starf hefur verið unnið í tengslum við uppbyggingu safnkosts, dagskrárgerð og sýningarhald eins og fram kemur í svari Ars Longa. Heimastjórn tekur einnig undir að tíminn líður hratt og því brýnt að sem fyrst verði hafist handa við endurbætur á húsinu í samræmi við samkomulag þar um við sveitarfélagið Múlaþing. Sérstaklega mikilvægt er að vinna við ytra byrði hússins hefjist sem fyrst og þannig komið í veg fyrir mögulegt foktjón vegna klæðningar hússins sem er í mjög slæmu ástandi.



Heimastjórn á Djúpavogi óskar safninu alls hins besta og hlakkar til að fylgjast með áframhaldandi uppbyggingu þess á Djúpavogi.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. 202209244 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Djúpavogi

Menningarstýrkir: Nýlega fór fram seinni úthlutun á menningarstýrkjum í Múlaþingi fyrir 2023. Verkefni á svæðinu sem hlutu styrk eru eftirfarandi: Þórir Stefánsson, Tyrkjaránið - ljósmyndasýning, Ágústa Arnardóttir, Fjölmeningarmánuður - mánuður tileinkaður fjölmeningu, Áhugahópur fólks um sjósókn á Djúpavogi, Minnisvarði um látna sjómenn - varðveisla menningarsögu um sjósókn, Ágústa Arnardóttir, Hvað ætla ég að gera - myndskreytt verkefnabók fyrir börn, Þuríður Elísa Harðardóttir, Ljósmyndasýning á Teigahorni - ljósmyndir af umhverfi og náttúru Austurlands.

Sætún: Framkvæmdum við salernisaðstöðu í Sætúni er lokið. Enn er þó eftir frágangur utandyra.

Björgunarmiðstöð á Djúpavogi: Sveitarstjóri og fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi hafa fundað með viðbragðsaðilum. Málið er í vinnslu.

Hafnarframkvæmdir: Vinna er hafin við að steypa þekjuna á bryggjunni og styttist í verklok.

Faktorshúsið: Sveitarstjóri og fulltrúi sveitarstjóra hafa fundað með fulltrúum Goðaborgar ehf. Málið er í vinnslu.

Salernisaðstaða við Kjörbúðina: Áfram er unnið að málinu í samráði við forsvarsmenn verslunarinnar.

Ljósleiðari: Framkvæmdir eru hafnar við lagningu 3ja fasa rafmagns frá Núpi að Kelduskógum og ljósleiðara frá Hamraborg inn að Kelduskógum.

Leikkastali: Framkvæmdir eru hafnar við uppsetningu á leikkastala í Blánni.

Hitaveituframkvæmdir: Undirbúningur er hafinn vegna borunar eftir heitu vatni innan við Djúpavog. Boranir hefjast í nóvember.

Hundasvæði á Djúpavogi: Starfsmaður heimastjórnar hefur fundað með fulltrúa hundaeigenda á Djúpavogi. Málið er í vinnslu.

Sjálfsafgreiðslustöð N1 á Djúpavogi: Enn hefur ekki orðið af fundi formanns heimastjórnar á Djúpavogi með formanni umhverfis- og framkvæmdaráðs með forsvarsaðilum N1.

Snjóhreinsun á Öxi: Ekki hafa borist viðbrögð frá Vegagerðinni vegna fyrirspurnar starfsmanns heimastjórnar um með hvaða hætti staðið verður að vetrarþjónustu á Öxi. Stefnt er að fundi með fulltrúa Vegagerðarinnar við fyrsta tækifæri.

Starfsmannamál: Fulltrúi sveitarstjóra og starfsmaður heimastjórnar á Djúpavogi hefur sagt starfi sínu lausu og mun láta af störfum í lok desember.

Íbúafundur: Boðað verður til íbúafundar 7. nóvember samkvæmt áætlun.



**5. 202010614 - Fundir Heimastjórnar Djúpavogs**

Næsti reglulegi fundur heimastjórnar á Djúpavogi verður haldinn fimmtudaginn 9. nóvember næstkomandi kl. 10:00. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast starfsmanni heimastjórnar fyrir kl. 15:00 mánudaginn 6. nóvember á netfangið [gauti.johannesson@mulathing.is](mailto:gauti.johannesson@mulathing.is).

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45**

